

**Mál nr. 234/2021****M og  
V v/ slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið vátryggingar og slyshugtak hennar.****Gögn.**

Málskot móttakið 8. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.  
Bréf V dags. 21. júní 2021, ásamt tjonstilkynningu.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi verið einsömul í sumarbústað sínum og legið þar fyrir. Þegar hún hafi risið snögg upp hafi hún fengið óvæntan svima með þeim afleiðingum að hún datt aftur fyrir sig á hnakkann og missti meðvitund og hafi það haft þær afleiðingar að M búi við líkamstjón vegna þessa atviks. Í tjonstilkynningu M til V kemur fram að M hafi fengið aðsvif og dottið fyrirvaralaust í gólf þess vegna.

M hefur gert kröfu um viðurkenningu bótaskyldu úr slysatryggingu í fjölskyldutryggingu sinni vegna líkamstjóns og telur að það sé utanaðkomandi atburður að fá skyndilegan svima og falla aftur fyrir sig og það breyti engu hvort það sé vegna bleytu á gólfi eða þess að M hafi rekið sig í einhvern hlut. M mótmælir því að um sé að kenna „innri veiklun“ eins og V beri fyrir sig.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að líkamstjón M falli ekki undir gildissvið slysatryggingar hennar þar sem slyss sé skilgreint með þeim hætti að þar sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. V vísar til þess að óumdeilt sé að M hafi fallið aftur fyrir sig vegna aðsvifs og almennt sé talið að líkamstjón sem verður vegna innri orsaka, t.d. aðsvifs eða yfirlíðs falli ekki undir hugtakið slyss í vátryggingarétti þar sem ekki sé þá um utanaðkomandi atburð að ræða. V vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 128/2013 og 412/2011 sem og úrskurða nefndarinnar því til stuðnings.

**Álit.**

Í málinu liggur fyrir lýsing atvika bæði í tjonstilkynningu M til V og málskoti til nefndarinnar þar sem M kveðst hafa fallið vegna aðsvifs og hlotið þannig líkamstjón sem lýsi sér í verkjum í baki.

Í vátryggingarétti er orðið slyss gjarnan skýrt sérstaklega í vátryggingarskilmálum vátryggingafélaga með þeim hætti að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í skilmála slysatryggingar í frítíma fjölskyldutryggingar M hjá V.

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands, þ.á.m. dóms réttarins í málum nr. 412/2011 og 128/2013, segir að fall, sem ekki sé sýnt að rekja megi til svima, sjúkdóma eða annars innra ástands í líkama þess sem hlýtur líkamstjón, sé slyss í skilningi vátryggingarskilmála. Af þeim dómum má einnig ráða að þegar fall sé rakið til svima, sjúkdóma eða annars ástands í líkama vátryggðs þá sé ekki um að ræða utanaðkomandi atburð m.t.t. hefðbundinnar skýringar á slyshugtaki vátryggingaréttar. Verður ekki annað sé en að meðvitundarmissir M í þessu máli verði rakinn til innra ástands í líkama hennar en ekki til utanaðkomandi atburðar og fellur líkamstjón hennar því ekki undir gildissvið slysatryggingar fjölskyldutryggingar hennar hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.